

Föstudagur 17. júlí 2020

Ákvörðun nr. 31/2020

SAMKEPPNISHÖMLUR Í TENGLUM VIÐ FRAMSETNINGU Á DRYKKJARVÖRUM Í HILLUM SMÁSÖLUVERSLANA

I. SAMANTEKT

1. Með ákvörðun þessari er leidd til lykta rannsókn á ætluðum samkeppnishömlum í tengslum við framsetningu á drykkjarvörum í hillum smásöluverslana. Ákvörðunin er grundvölluð á sáttum Samkeppniseftirlitsins við annars vegar Ölgerðina Egil Skallagríms hf. (hér eftir ÖES) og hins vegar Coca-Cola European Partners Ísland ehf. (áður Vífilfells, hér eftir CCEP). Sáttin við ÖES var undirrituð 14. maí 2020 og sáttin við CCEP þann 3. júlí 2020.
2. Með framangreindum sáttum, sem eru samhljóða, fallast fyrirtækin á að tiltekin samskipti þeirra á milli, sem vörðuðu framstillingu vara frá þeim og keppinautum þeirra í matvöruverslunum, hafi farið gegn banni 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins við samstarfi keppinauta. Jafnframt skuldbinda fyrirtækin sig til þess að fylgja tilteknum skilyrðum sem tryggja eiga að umrædd háttsemi endurtaki sig ekki og að nýjir og smærri keppinautar verði ekki fyrir samkeppnishindrunum af þessum sökum.
3. Fyrirtækin fallast einnig á að greiða stjórnvaldssektir vegna málsins. Við ákvörðun sekta hafði mikla þýðingu að málið sætti ekki samfelldri rannsókn og tafðist verulega. Ástæður tafanna eru raktar í mgr. 9 hér á eftir. Einnig er við ákvörðun sekta horft til samstarfsvilja fyrirtækjanna sem endurspeglast í gerð fyrrgreindra sáttanna, sem og vilja CCEP við upphaf málsins til þess að vinna með eftirlitinu. Að öðru leyti er lagt til grundvallar að fyrirtækin tvö beri jafna ábyrgð á umræddri háttsemi, sbr. nánari umfjöllun í kafla VIII.

II. MÁLINU SEM LOKIÐ ER MEÐ GERÐ SÁTTANNA

4. Mál þetta á rætur sínar að rekja til ábendinga frá Gosverksmiðjunni Kletti (hér eftir Klettagos) sem hóf starfsemi seint á árinu 2010 með framleiðslu á Kletta Vatni og Kletta Gosi. Hjá Klettagosi kom fram að fyrirtækið ætti í erfiðleikum með að ná fótfestu á mörkuðum fyrir gosdrykki og kolsýrt vatn. Fyrirtækið ætti þannig erfitt með að koma á framfæri sínum vörum í verslunum vegna ákvæða um hillupláss og framstillingarhlutföll í viðskiptasamningum CCEP og ÖES auk þess sem ítrekað kæmi fyrir að vörur fyrirtækisins væru fjarlægðar úr hillum og kælum verslana af starfsmönnum CCEP og ÖES eða fluttar á verri framstillingarsvæði.



5. Fulltrúar Kletts tjáðu Samkeppniseftirlitinu að þeir hefðu kvartað yfir þessari háttsemi við matvöruverslanir, m.a. við Hagkaup en Hagkaup hefði þá tjáð þeim að CCEP og ÖES réðu því sjálf hvernig fyrirtækin skipulegðu framstillingu á gosdrykkjunum. Ráðlagði Hagkaup því Kletti að hafa samband við þá aðila hjá CCEP og ÖES sem hefðu með skipulagningu á framstillingum að gera. Það hefði Klettagos gert og afhenti fyrirtækið eftirlitinu afrit af tölvupósti frá vöruflokkstjóra hjá ÖES, dagsettan 5. apríl 2011, sem Kletti var sent undir fyrirsögninni „*Uppröðun í kælum í matvöruverslunum*“, ásamt afritum af teikningum af framstillingum í goskælum í verslunum Hagkaups sem ÖES hafði útbúið. Auk þess lagði Klettagos fram afrit af teikningum af framstillingum fyrir goshillurnar í Þinni verslun – Melabúðin, sem CCEP hafði útbúið. Báru þessi gögn með sér samskipti og samvinnu á milli keppinautanna ÖES og CCEP.
6. Samkeppniseftirlitið taldi þessi gögn veita vísbendingar um brot á 10. gr. samkeppnislaga. Í því ljósi aflaði Samkeppniseftirlitið heimildar héraðsdóms til að framkvæma leit bæði á starfsstöðvum CCEP og ÖES, sbr. 20. gr. samkeppnislaga. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 18. apríl 2011 var eftirlitinu veitt umbeðin heimild til húisleitar hjá CCEP og ÖES og var hún framkvæmd þann 19. apríl 2011 þar sem gögn voru bæði haldlögð og afrituð.
7. Með bréfi, dags. 20. apríl 2011, lýsti CCEP yfir vilja til að vinna með Samkeppniseftirlitinu að lausn málsins og að upplýsa það. CCEP lýsti því yfir að fyrirtækið hefði þá þegar hætt öllum samskiptum sem verið höfðu við ÖES varðandi uppröðun og framstillingu á drykkjarvörum í hillum og kælum verslana. Óskaði CCEP eftir því að njóta stöðu samkvæmt reglum nr. 890/2005, sbr. II. kafla þeirra, kæmi til þess að Samkeppniseftirlitið teldi forsendur til að ákveða félaginu stjórnvaldssekt vegna brots á 10. gr. samkeppnislaga.
8. Samkeppniseftirlitið átti í kjölfarið fund með CCEP vegna þessa og í framhaldinu afhenti fyrirtækið eftirlitinu greinargerð þar sem umrædd framkvæmd á drykkjarvörumarkaði var útskýrð, aðdragandi hennar hér á landi sem og tilgangur hennar og virkni. Þá voru afhent gögn sem sýndu fram á samskipti á milli CCEP og ÖES vegna þessa.
9. Sökum mikils málafjölda í meðferð hjá Samkeppniseftirlitinu hefur rannsókn þessa máls tafist verulega. Þegar umrædd rannsókn hófst var Samkeppniseftirlitið enn að vinna úr umfangsmiklum verkefnum tengdu bankahruninu 2008 og afleiðingum þess. Í framhaldinu gekk yfir langvinn hrina samrunamála, sem m.a. vörðuðu mikilvæga markaði og verðskulduðu tímafrekar rannsóknir. Voru aðilar upplýstir um þessa stöðu með bréfum dags. 6. desember 2012, 28. júní 2013, 4. febrúar 2014, 26. janúar 2016 og 22. desember 2016. Þá kom fram í fréttatilkynningu á heimasíðu eftirlitsins, dags. 13. júlí 2017, að vegna mikilla anna við rannsókn samrunamála hefðu orðið tafir á meðferð annarra mála hjá Samkeppniseftirlitinu, þ.á m. þessa máls. Mætti rekja þetta til mikillar fjölgunar á samrunatilkynningum til eftirlitsins. Fyrirsjáanlegt væri að áframhaldandi tafir yrðu á málsmeðferð vegna þessa. Það gekk eftir og má nefna í því sambandi að rúmlega 40% af ráðstöfunartíma eftirlitsins var varið í samrunamál á árunum 2017 og 2018, samanborið við 15% árin þar á undan.
10. Á árinu 2017 fór fram gagnaöflun í þágu rannsóknar málsins. Aflaði Samkeppniseftirlitið gagna og upplýsinga frá smásöluaðilum á dagvörumarkaðnum um framstillingar á drykkjarvörum í verslunum á tveimur undan liðnum árum. Af gögnum sem afhent voru mátti ráða að ÖES og CCEP hefðu a.m.k. enn verið að fá sendar sölutölur hvors annars frá smásöluaðilum, flokkaðar eftir seldum stykkjum og lítrum og ítarlega sundurliðaðar eftir vörutegundum.
11. Í mars 2018 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum frá CCEP og ÖES um hvernig framstillingum og framstillingarhlutföllum á drykkjarvörum væri háttað í hillum og kælum smásöluverslana, sem og



teikningum af hillum og kælum verslana. Sérstaklega var óskað upplýsinga um það hvort enn væru fyrir hendi samskipti milli ÖES og CCEP. Bæði félögin svöruðu því til að engin samskipti ættu sér lengur stað á milli ÖES og CCEP sem lyti að þessu. Þá lýstu bæði fyrirtækin því yfir að þau ættu ekki í neinum samskiptum sín á milli vegna teikninga af hillum og kælum verslana.

III. FRUMMAT OG BEIÐNIR UM SÁTTAVIÐRÆÐUR

12. Þann 28. febrúar 2019 var CCEP og ÖES sent frummat Samkeppniseftirlitsins í málinu og fyrirtækjunum gefinn kostur á því að koma að athugasemdum og sjónarmiðum um það sem þar kom fram. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um hvort og þá hvernig háttsemi fyrirtækjanna hefði breyst, hvort þau væru reiðubúin til þess að tryggja að ekki ættu sér stað samskipti sem sköpuðu hættu á ólögum samráði og hvort og þá með hvaða hætti þau teldu sér unnt að stuðla að því að fyrirkomulag framstillingar á drykkjarvörum skapaði ekki hættu á útilokun eða samkeppnishindrunum gagnvart nýjum og minni keppinautum fyrirtækjanna.
13. ÖES óskaði í kjölfarið eftir fundi með Samkeppniseftirlitinu sem haldinn var 15. mars 2019. Þann 29. mars 2019 bárust Samkeppniseftirlitinu þau sjónarmið sem óskað hafði verið eftir ásamt formlegri beiðni ÖES um sáttaviðræður á grundvelli 22. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins.
14. Samkeppniseftirlitið óskaði í kjölfarið eftir því að ÖES myndi setja fram tillögur sem lytu að því til hvaða aðgerða fyrirtækið væri tilbúið að grípa til að tryggja að sams konar háttsemi endurtæki sig ekki. Að fenginni framlengingu á fresti afhenti ÖES þann 15. maí 2019 eftirlitinu tillögur að skilyrðum fyrir mögulega sátt. Í kjölfarið áttu sér stað frekari samskipti milli Samkeppniseftirlitsins og ÖES.
15. Sem fyrr segir var sáttin við ÖES undirrituð 14. maí 2020. Efni hennar er birt í fylgiskjali 1 með ákvörðun þessari.
16. CCEP óskaði ítrekað eftir fresti til að skila inn þeim upplýsingum sem óskað hafði verið eftir með bréfi þann 28. febrúar 2019. Þann 6. júní 2019 kom fyrirtækið síðan á fund hjá Samkeppniseftirlitinu þar sem fram kom að CCEP óskaði eftir að ljúka málinu með sátt við eftirlitið.
17. Sjónarmið CCEP um málið, sem óskað hafði verið eftir, bárust í kjölfarið, þann 14. júní 2019, og var þar jafnframt formlega óskað eftir því að hefja sáttarviðræður á grundvelli 22. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins. Í kjölfarið áttu sér stað frekari samskipti milli Samkeppniseftirlitsins og CCEP.
18. Eins og áður sagði var sáttin við CCEP undirrituð 3. júlí 2020. Efni hennar er birt í fylgiskjali 2 með ákvörðun þessari.
19. Framangreindar sáttir grundvallast á 17. gr. f samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. lög nr. 52/2007, en þar segir að hafi fyrirtæki gerst brotlegt við ákvæði laganna sé Samkeppniseftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt. Í 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005 segir að Samkeppniseftirlitinu sé heimilt á öllum stigum máls að ljúka því með sátt. Samkvæmt ákvæðinu getur sátt m.a. falist í því að málsaðili viðurkenni brot á samkeppnislögum og fallist á að greiða stjórnvaldssekt vegna þess. Sátt getur einnig falist í því að málsaðili fallist á að breyta tiltekinni hegðun sinni á markaðnum eða hlíta fyrirmælum eða skilyrðum sem ætlað er að vernda eða efla samkeppni. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.



IV. MARKAÐUR MÁLSINS

20. Skilyrði fyrir því að beita 10. gr. samkeppnislaga vegna t.d. verðsamráðs eða markaðsskiptingar ráðast ekki að öllu leyti af stöðu fyrirtækja á viðkomandi markaði. Er því umtalsverður munur á þýðingu markaðsskilgreiningar eftir því hvort um er að ræða mál sem varða brot á annars vegar 11. gr. samkeppnislaga og hins vegar 10. gr. laganna.
21. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Staðgengdarvara og staðgengdarþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar. Hagfræðirök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum; annars vegar vöru- og þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.
22. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2017, *Athugun Samkeppniseftirlitsins á drykkjavörumörkuðum vegna beiðni um undanþágu fyrir söfnun og miðlun á markaðsupplýsingum*, var fjallað um mögulega samkeppnismarkaði við sölu á drykkjavörum. Þar var bent á eftirfarandi:

„Samkeppniseftirlitið vísar til þess að íslenskur samkeppnisréttur sækir fyrirmynd sína að miklu leyti til EES/ESB-samkeppnisréttar. Í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar þar sem fjallað hefur verið um drykkjavörur hefur verið talið að mörkuðum fyrir slíkar vörur megi skipta í óáfenga drykki annars vegar og áfenga drykki hins vegar. Hvað varðar nánari skiptingu t.d. á óáfengum drykkjum þá liggur einnig fyrir að greint hefur verið á milli gosdrykkja eða kolsýrðra drykkja (e. carbonated soft drinks – CDSs) annars vegar og markaða fyrir óáfenga ókolsýrða drykki (e. non-carbonated soft drinks - NCSDs) hins vegar. Hvað gosdrykki varðar hefur framkvæmdastjórnin einnig greint á milli gosdrykkja með og án kólabragðs. Þá hefur framkvæmdastjórnin jafnframt litið svo á að hugsanlega sé hægt að aðgreina sérstakar bragðtegundir gosdrykkja (aðra en kóladyrki) í sérstaka markaði. Í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 9. nóvember 2015 þar sem fjallað var um yfirtöku COBEGA á m.a. Vífilfelli segir eftirfarandi um vörumarkaði málsins:

„The Notifying Parties consider that the relevant market for this case is that for nonalcoholic beverages, including carbonated soft drinks, packaged water, still drinks, iced/ready-to-drink teas, fruit juices, waters as well as sports and energy drinks. In its previous decisions related to non-alcoholic beverages, the Commission distinguished between the upstream supply of concentrate and downstream bottling combined with distribution. Within the downstream market for nonalcoholic beverages the Commission has considered the various beverages, such as bottled water, carbonated soft drinks (and within it a segment of cola carbonated soft drinks), juices, still drinks or iced teas to fall into distinct categories.“

23. Í ákvörðun nr. 40/2017 var ekki talið nauðsynlegt að taka endanlega afstöðu til skilgreiningar á drykkjavörumörkuðum. Í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 30. nóvember 2018 í máli nr. M.9108, *Pepsico/Sodastream International*, var áréttað að í framkvæmd hefði verið greint á milli markaða fyrir gosdrykki annars vegar og markaða fyrir ókolsýrða drykki hins vegar. Hvað gosdrykki varðar hefur framkvæmdastjórnin einnig greint á milli gosdrykkja með og án kólabragðs. Einnig hefur verið greint á milli tiltekinna ókolsýrða drykkja, t.d. vatn í umbúðum og ávaxtasafa. Samskonar áréttingu er að finna í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 21. desember 2018 vegna samruna The Coca Cola Company og Cosa (mál nr. M.9122). Í þessum málum þurfti hins vegar ekki að slá markaðsskilgreiningum föstum.
24. Samkeppniseftirlitið telur að í þessu máli sé ekki nauðsynlegt að skilgreina markaði málsins nánar eða taka afstöðu til tiltekinnar aðgreiningar á vöruflokkum innan gosdrykkjamarkaðarins. Eins og máli þessu er



háttað er að mati eftirlitsins ljóst að atvik þess höfðu a.m.k. áhrif á alla vöruflokka drykkjarvara sem til sölu eru í matvöruverslunum og þægingaverslunum.

25. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2017 er gerð grein fyrir niðurstöðum gagnaöflunar sem varpar ljósi á hlutdeildir CCEP og ÖES auk annarra birgja og endursöluaðila í sölu á gosdrykkjum, kolsýrðu vatni og öðrum óáfengum drykkjum s.s. orkudrykkjum og svaladrykkjum, sem og sölu á hinum ýmsu áfengum drykkjum.
26. Í meginatriðum var niðurstaðan sú að á árinu 2015 hafi CCEP og ÖES verið með á bilinu 95-100% hlutdeild í sölu á gosdrykkjum, kolsýrðu vatni og léttöli og malti til dagvöru- og þægingaverslana hér á landi og því ljóst að engan annan burðugan keppinaut var þar að finna. Fleiri aðilar markaðssetja og selja safu, hreint vatn og orkudrykki, en hlutdeild þeirra er ekki há, enda var sameiginleg hlutdeild CCEP og ÖES í sölu á söfum á bilinu 60-70%, í hreinu vatni 60-80% og 65-85% í orkudrykkjum.
27. Í svörum CCEP við upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins þann 28. febrúar 2019 kom fram að miklar breytingar hefðu átt sér stað í neyslunum á liðnum árum. Sykraðar vörur ættu undir högg að sækja og vörur sem bera með sér svokallaða lífsstílstengingu væru sífellt vinsælli, s.s. orkudrykkir og vatnsdrykkir. Þessi samkeppni hefði aukist mikið frá árinu 2016. Þá voru settar fram upplýsingar um vöxt nokkurra drykkjarvöruflokka sem að mati CCEP sýndu að vöruflokkar þar sem CCEP væri með veikari stöðu yxu mest á meðan vöruflokkar þar sem CCEP hafi haft sögulega sterka stöðu yxu hægt eða færðu minnkandi. Að mati CCEP væru sterk tengsl á milli aukinnar hlutdeildar kolsýrðra vatnsdrykkja og minni hlutdeildar sykraða kóladykkja. Fyrirtækið tók hins vegar fram að þrátt fyrir framangreint væri CCEP öflugt fyrirtæki á þeim markaði eða mörkuðum sem það starfaði á en kvaðst eiga í harðri samkeppni við keppinauta sína.
28. Sem fyrr segir er ekki þörf á því í þessu máli að taka afstöðu til þess hvort staðganga sé t.d. milli sykraða gosdrykkja og vatnsdrykkja. Hvað sem því líður er ljóst að CCEP og ÖES hafa samanlagt haft algera yfirburðastöðu í sölu á óáfengum drykkjum til dagvöru- og þægingaverslana hér á landi. Hefur sú staða verið lengi fyrir hendi, sbr. álit samkeppnisráðs nr. 3/1999 og þau gögn sem aflað var og fjallað var um í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2011.

V. 10. GR. SAMKEPPNISLAGA OG 53. GR. EES-SAMNINGSINS

29. Í 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 segir að allir samningar, samþykktir og samstilltar aðgerðir á milli fyrirtækja sem hafi það að markmiði eða af þeim leiði að samkeppni sé raskað séu bannaðar. Bann þetta tekur m.a. til samninga, samþykpta og samstilltra aðgerða sem „áhrif hafa á verð, afslætti álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti.“ Þá tekur bann 10. gr. til samninga, samþykpta og samstilltra aðgerða sem skipta mörkuðum eða birgðalindum.
30. Í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins er m.a. lagt bann við samráði keppinauta. Efnisákvæði 53. gr. EES-samningsins eru að því leyti fyllilega sambærileg efnisákvæðum 10. gr. samkeppnislaga enda sækja hin síðarnefndu fyrirmynd sína til EES/ESB-samkeppnisréttar.
31. Ákvæði 10. gr. laganna eru ein þau þýðingarmestu í samkeppnislögum. Þeim er ætlað að tryggja að keppinautar hegði sér að öllu leyti sjálfstætt á markaði á þeim sviðum sem mestu máli skipta fyrir samkeppnina. Kjarninn í samkeppni er að fyrirtæki taki sjálfstæðar ákvarðanir um markaðshæðun sína og keppi þannig sín á milli. Þetta stuðlar m.a. að lægra verði til neytenda, auknum gæðum og framförum almennt. Ávinningi samkeppninnar er hins vegar stefnt í hættu ef fyrirtæki hafa samvinnu um framangreind atriði. Þessi krafa um sjálfstæði keppinauta er lykilatriði við skýringu bannsins við samráði. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004 segir þannig:



„Í samkeppnisrétti er það meginatriði að eðlileg samkeppni gerir ráð fyrir sjálfstæðum fyrirtækjum sem taka sjálfstæðar ákvarðanir þegar þau ákveða viðskiptastefnu sína. Sá grundvöllur raskast þegar fyrirtæki hafa einhvers konar samráð sín á milli í því skyni að hafa áhrif á samkeppni. Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga er reist á þessari forsendu. Ákvæðið sætir tiltekinni túlkun sem er í samræmi við markmið samkeppnislaga.“

32. Kröfunni um sjálfstæði fyrirtækja hefur verið slegið fastri af dómstóli ESB.¹ Í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), sem birtar voru í desember 2013, kemur sama túlkun fram og er þessari kröfu um sjálfstæði keppinauta lýst sem „*grunnhugmyndinni að baki samkeppnisreglna EES-samningsins ...*“² Í þessu samhengi hefur verið bent á að sú áhætta sem leiðir af óvissu á markaðnum (e. *risks of uncertainty*) sé afar mikilvæg fyrir samkeppni. Sjálfstæði keppinauta og þessi æskilega óvissa fyrirtækja um m.a. fyrirætlanir keppinauta séu grunnstoðir fyrir virkri samkeppni.³ Banni samkeppnisréttarins við samskiptum og samvinnu keppinauta er ætlað að verja þessar grunnstoðir.
33. Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 1. desember 2016 í máli nr. 360/2015, *Ákærvaldið gegn X o.fl.*, kemur fram að óvissa fyrirtæka um hegðun keppinauta sé „*ein af meginforsendum þess að óheft verðsamkeppni geti átt sér stað. Þetta á ekki síst við á fákeppnismarkaði þar sem gagnkvæm skipti á upplýsingum um verð geta auðveldað ráðandi fyrirtækjum að halda uppi vöruverði og auka þar með framlegð sína á kostnað viðskiptavinanna.*“
34. Nánar um túlkun á 10. gr. samkeppnislaga vísast til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2015 og til þeirra heimilda sem þar eru tilgreindar.
35. Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. samkeppnislaga skal Samkeppniseftirlitið beita 53. gr. EES-samningsins eftir því sem kveðið er á um í lögnum. Nánar er mælt fyrir um þetta í m.a. 26. gr. laganna en þar segir m.a.:
- „Ef Samkeppniseftirlitið, áfrýjunarnefnd samkeppnismála eða dómstólar beita ákvæðum laga þessara vegna samninga fyrirtækja, ákvarðana samtaka fyrirtækja eða samstilltra aðgerða í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum, skulu þau einnig beita 53. gr. EES-samningsins að því er varðar slíka samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir.“*
36. Með hliðsjón af atvikum þessa máls er það mat Samkeppniseftirlitsins að háttsemi CCEP og ÖES hafi verið til þess fallin að hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkja í skilningi 53. gr. EES-samningsins og er því ákvæði einnig beitt í málinu.

VI. HÁTTSEMIN

37. ÖES og CCEP hafa, í tveimur aðskildum sáttum við Samkeppniseftirlitið, viðurkennt að hafa átt í beinum samskiptum við hvort annað um uppröðun og framstillingu á drykkjarvörum fyrirtækjanna í smásöluverslunum. Jafnframt fallast fyrirtækin á að þessi samskipti keppinautanna og framkvæmd þeirra

¹ Sjá t.d. mgr. 78 í dómi dómstóls ESB frá 30. janúar 2020 í máli nr. C-307/18, Generics (UK), EU:C:2020:52: „*In accordance with settled case-law, each economic operator must determine independently the policy which he intends to adopt on the internal market (judgment of 19 March 2015, Dole Food and Dole Fresh Fruit Europe v Commission, C-286/13 P, EU:C:2015:184, paragraph 119).*“

² Leiðbeinandi reglur um gildi 53. gr. EES-samningsins gagnvart láréttum samstarfssamningum, mgr. 60. Birtar 12. desember 2013 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins (2013/EES/69/01).

³ Sjá t.d. Bellamy & Child, European Union Law of Competition, áttunda útgáfa 2018, bls. 154-155: „*The case law under Article 101(1) is based on the premise that each undertaking must determine independently the policy which it intends to adopt on the internal market and the conditions which it intends offer to its customers. The decision-making independence of competing undertakings and the risks of uncertainty are regarded as two „attributes of competition in its ideal form.*““



á umræddu fyrirkomulagi hafi farið gegn 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES samningsins. Mál þetta tekur til atvika sem áttu sér stað frá 1. janúar 2009 til apríl 2011.

38. Við meðferð málsins hefur komið fram að það tíðkist almennt erlendis að einn aðili sem starfi á markaðnum í hverjum vörflokki sjái um að leiða vinnu svokallaðrar vörflokkastjórnunar. Sá aðili beri ábyrgð gagnvart versluninni á því að gera tillögu að því hvernig best sé að haga viðkomandi vörflokki í versluninni. Þegar vörflokkur hefur verið skilgreindur og stefna mótuð af hálfu verslunarinnar séu gerð drög að framstillingu hlutaðeigandi vörflokks (e. planogram).
39. Af hálfu aðila þessa máls hefur komið fram að hér á landi hafi þjónusta sem þessi þróast á þann veg að fela í sér teikningar af hillurýmum byggðum á sölumælingum AC Nilsen. CCEP og ÖES hafi tekið að sér að hafa umsjón með teikningum af hillurýmum smásöluverslana og gert það á grundvelli sölugagna frá AC Nilsen og óska verslunarinnar. Hins vegar hafi drykkjarvöruframleiðendurnir í einhverjum tilfellum gert athugasemdir við teikningar sem unnar hafa verið af hinu fyrirtækinu og öfugt þegar drög lágu fyrir og áttu þau í samskiptum vegna þessa.
40. Gögn í máli þessu staðfesta þetta, þ.e. að CCEP og ÖES hafi átt í samskiptum um uppröðun og framstillingarhlutföll í kælum og hillum fyrir drykkjarvörur í matvöruverslunum. Samskipti CCEP og ÖES voru aðallega þrískipt.
- Í fyrsta lagi höfðu CCEP og ÖES samskipti sín á milli þegar kom að því að ákveða með hvaða hætti vörur fyrirtækjanna og keppinauta þeirra skyldu teiknaðar og þeim stillt fram í hillum og kælum matvöruverslana hér á landi í gegnum svokallað „Spaceman kerfi“.
 - Í öðru lagi beittu CCEP og ÖES verslanir ákveðnum þrýstingi þegar kom að því að taka ákvarðanir um framstillingarhlutföll og/eða –stað drykkjavaranna í verslunum.
 - Í þriðja lagi áttu CCEP og ÖES í samskiptum sín á milli um innkomu nýs keppinautar á markaðinn.
41. Bæði CCEP og ÖES hafa komið því á framfæri við Samkeppniseftirlitið að fyrirkomulag teikninga vegna uppröðunar drykkjarvara hafi ekki verið á grundvelli formlegrar ákvörðunar þessara aðila. Samskiptin hafi fyrst og fremst farið í umræddan farveg til þess að létta vinnu verslana og til að stilla vörum í hillur að teknu tilliti til eftirspurnar frá kaupendum.
42. Umfang samskipta á milli CCEP og ÖES vegna umræddra teikninga var nokkuð. Samskiptin voru oft á tíðum byggð á sölutölum beggja fyrirtækja sem þau höfðu fengið sendar frá viðkomandi verslun í því skyni að vinna teikningar eða á grundvelli upplýsinga frá AC Nilsen. Í því samhengi ber að hafa í huga að sölutölur teljast að öllu jöfnu til viðskiptaleyndarmála, sérstaklega á viðkvæmum fákeppnismarkaði. Þá var í nokkrum tilvikum á milli fyrirtækjanna rætt um hvaða samkeppnisvörum skyldi raða í hillur verslana og hvernig. Auk þess eru dæmi þess að CCEP og ÖES hafi ekki aðeins rætt um framstillingar á eigin vörum heldur einnig rætt sín á milli um vörur annarra keppinauta á markaðnum og mögulega framstillingu þeirra í hillum verslana.
43. Að lokum má af gögnum málsins ráða að samskipti á milli fyrirtækjanna hafi falið í sér að tengsl mynduðust á milli starfsmanna fyrirtækjanna. Auk þess benda gögn málsins til þess að umræddir starfsmenn hafi einnig að einhverju marki verið í símasamskiptum.



44. Samkeppniseftirlitið telur að framangreind samskipti um framsetningu og uppröðun í hillur smásöluverslana eða aðgengi að hilluplássi og framsetningu vara hafi farið gegn 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES samningsins. .
45. Við mat á framangreindu hafði Samkeppniseftirlitið m.a. hliðsjón af því að CCEP og ÖES eru tveir stærstu gos- og drykkjarvöruframleiðendur landsins og voru það einnig á þeim tíma sem samskipti þessi áttu sér stað. Ber að líta til eftirfarandi samskipta í því ljósi en öll samskipti á milli keppinauta á fákeppnismarkaði, líkt og hér á við, eru mjög varhugaverð í samkeppnislegu tilliti. Vert er að minna á að ákvæði samkeppnislaga gera þá skýru kröfu til keppinauta að hver þeirra taki viðskiptatengdar ákvarðanir á sjálfstæðan hátt og á eigin forsendum.

VII. FYRIRMÆLI

46. Í 16. gr. samkeppnislaga segir að Samkeppniseftirlitið geti gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum og hvers konar athöfnum sem brjóta í bága við 10., 11. og 12. gr. laganna. Kemur fram að aðgerðir eftirlitsins geti falið í sér „hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að stöðva í reynd brot gegn ákvæðum laganna.“ Samkvæmt 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins getur falist í sátt að aðili máls „fallist á að breyta tiltekinni hegðun sinni á markaðnum eða hlíta fyrirmælum eða skilyrðum sem ætlað er að vernda eða efla samkeppni.“
47. Með sáttum við Samkeppniseftirlitið hafa CCEP og ÖES fallist á að hlíta tilteknum samhljóða fyrirmælum sem tilgreind eru í ákvörðunarorði sem ætlað er að tryggja að háttsemi sú sem hér er til umfjöllunar endurtaki sig ekki, en eins og fjallað hefur verið um hér að framan fela brot aðila í máli þessu í sér ólögmat samskipti í tengslum við framsetningu og uppröðun á drykkjarvörum í hillur smásöluverslana.
48. Með vísan til þessa skulu CCEP og ÖES fyrst og fremst tryggja að ekki eigi sér stað nein samskipti milli fyrirtækjanna sem raskað geti samkeppni. Hið sama á við um samskipti fyrirtækjanna við aðra keppinauta. Ber að áréttta að ákvæði 10. gr. samkeppnislaga gera strangar kröfur um sjálfstæði keppinauta á mörkuðum þar sem viðkomandi fyrirtæki hafa samanlagt sterka stöðu.
49. Í þessu felst m.a. að CCEP og ÖES ber að sjá til þess að ekki eigi sér stað aftur samskipti milli fyrirtækjanna um uppröðun og framstillingu á drykkjarvörum í smásöluverslunum og um innkomu nýrra keppinauta inn á markaðinn. Þá skulu CCEP og ÖES tryggja að viðskiptatengdum upplýsingum sé ekki miðlað þeirra á milli eða til annarra keppinauta og tryggja að gripið verði til viðeigandi ráðstafana í samræmi við ákvæði samkeppnislaga taki þau á móti viðskiptatengdum upplýsingum frá keppinautum sínum. Með viðeigandi ráðstöfunum er a.m.k. átt við að lögð séu fram mótmæli við sendanda slíkra upplýsinga og skjalgum gögnum frá sendandanum eytt þegar í stað. Þá skal CCEP og ÖES ekki vera heimilt að taka við viðskiptatengdum upplýsingum um keppinauta frá smásöluaðilum eða öðrum aðilum.
50. Ljóst er að hin ólögmeta háttsemi á rót sína að rekja til fyrirkomulags á hilluuppröðun og framsetningu drykkjarvara í smásöluverslunum og þátttöku drykkjarvöruframleiðendanna sjálfra í því skipulagi. Með vísan til þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að nauðsynlegt sé að CCEP og ÖES hætti alfarið að teikna eða setja fram tillögur að uppröðun og framstillingu á drykkjarvörum hvors annars, og annarra keppinauta, í smásöluverslunum. Með þessu móti er unnið gegn frekari brotum og sköpuð skilyrði fyrir aukinni samkeppni í sölu á drykkjarvörum.
51. Þá er ekki síður mikilvægt að tryggja að efnisinntak skilyrðanna og ástæður þeirra séu þekktar af lykilstarfsmönnum fyrirtækjanna beggja á hverjum tíma, en til þess eru sett fyrirmæli um áframhaldandi reglulega fræðslu um samkeppnisreglur, sérstaklega til þeirra starfsmanna sem gegna tilteknum störfum



innan fyrirtækjanna, m.a. samskipti við keppinauta, birgja og smásöluaðila. Þetta er nauðsynlegt í því skyni að þeir starfsmenn sem fara með stjórn fyrirtækisins og þá verkþætti sem tengjast þeirri háttsemi sem hér hefur lýst, þekki þau atriði sem varast ber í slíku starfi og einbeiti sér að því að efla samkeppnisumhverfið á markaði fyrir framleiðslu og sölu drykkjavara á Íslandi. Slíkt er til hagsbóta fyrir alla þá sem koma að markaðnum, ekki síst neytendur.

52. Drykkjarvörumarkaður hér á landi er mikilvægur neytendamarkaður. Á sama tíma er ljóst að markaðurinn er fákeppnismarkaður þar sem CCEP og ÖES eru saman með yfirburðastöðu. Markaðurinn er því einnig viðkvæmur í samkeppnislegu tilliti. Því er sérstaklega mikilvægt að markaður sá sem mál þetta fjallar um sé eins og unnt er reistur á stöðum heilbrigðrar samkeppni. Heilbrigð samkeppni leiðir af sér aukna framleiðni og efnahagsframfarir og samhliða nýtur neytandinn betra verðs, gæða og úrvals.
53. Fyrirtækin skulu fyrir 1. nóvember 2020 upplýsa Samkeppniseftirlitið um framkvæmd á framangreindum skilyrðum.

VIII. VIÐURLÖG

54. Í 37. gr. samkeppnislaga segir að Samkeppniseftirlitið leggi stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóti m.a. gegn bannreglum samkeppnislaga nema brotið teljist óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Eins og leiðir af orðalagi 1. mgr. 37. gr. er tilgangur ákvæðisins sá að varnaðaráhrif sekta stuðli að framkvæmd samkeppnislaga og þar með að aukinni samkeppni. Í 2. mgr. 37. gr. samkeppnislaga kemur m.a. fram að sektir geti numið allt að 10% af veltu hjá því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlunum. Við ákvörðun sekta ber skv. 1. mgr. 37. gr. laganna m.a. að hafa hliðsjón af eðli og umfangi samkeppnishamla og hvað þær hafa staðið lengi.
55. Samkvæmt 17. gr. f samkeppnislaga er heimilt að ljúka málum með sátt ef fyrirtæki hafa gerst brotleg við ákvæði laganna. Sátt hefur jafnan þau áhrif að einfalda meðferð máls og veitir Samkeppniseftirlitinu jafnframt svigrúm til að knýja á um breytingar á atferli og skipulagi aðila með margvíslegum hætti. Sá samstarfsvilji sem felst í því að fyrirtæki gerir sátt leiðir til lægri sekta en ella.
56. Háttsemi sú sem hér er til umfjöllunar er alvarleg í samkeppnislegu tilliti. Þannig er hún til þess fallin að valda aðgangshindrunum og annarri röskun á samkeppni á mikilvægum neytendamarkaði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki hafa saman yfirburðastöðu. Rétt er þó að taka fram að fyrirtækin hafa bæði lagt áherslu á að ekki hafi verið um ásetning að ræða til þess að raska samkeppni.
57. Við mat á því hvað teljast hæfileg viðurlög í þessu máli ber í fyrsta lagi að horfa til þess að meðferð þessa máls hefur tekið langan tíma og ekki sætt samfelldri rannsókn. Ástæða þessa er mikið verkefnaálag sem kallað hefur á forgangsröðun, sbr. mgr. 9 hér að framan. Hafa því orðið verulegar tafir á meðferð málsins af ástæðum sem ekki verða raktar til CCEP eða ÖES. Hefur þetta verulega þýðingu við ákvörðun viðurlaga.
58. Bæði ÖSE og CCEP óskuðu að eigin frumkvæði eftir sáttaviðræðum og hafa fyrirtækin játað brot sín á samkeppnislögum. Í því sambandi er litið til samstarfsvilja þeirra við að upplýsa brotin og vilja til þess að gera breytingar í starfsemi sinni til frambúðar, en fyrirtækin lögðu mikla áherslu á að tryggja að með sátt þessari væri komið í veg fyrir að brot á samkeppnislögum endurtaki sig.
59. Til viðbótar ber að horfa til þess að í upphafi þessa máls steig CCEP fram og lýsti yfir vilja til að vinna með Samkeppniseftirlitinu að lausn málsins og að upplýsa það. Sendi fyrirtækið Samkeppniseftirlitinu gögn og upplýsingar sem vörpuðu nánar ljósi á málið.



60. Með vísan til framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að stjórnvaldssektir í máli þessu séu hæfilega ákvarðaðar 17 milljónir króna fyrir CCEP og 20 milljónir króna fyrir ÖES. Hafa fyrirtækin bæði fallist á að greiða umræddar sektir.
61. Við ákvörðun sekta er lagt til grundvallar að fyrirtækin tvö beri jafna ábyrgð á umræddri háttsemi. Ástæða þess að sektarfjárhæð CCEP er lægri er einvörðungu sú að CCEP sýndi samstarfsvilja strax í upphafi málsmeðferðar, sbr. málsgrein 59 hér að framan.

ÁKVÖRÐUNARORÐ:

Með sátt, sem undirrituð var 14. maí 2020, er gengist við því að ÖES hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins.

Með sátt, sem undirrituð var 3. júlí 2020, er gengist við því að CCEP hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins.

Í sáttunum er að finna fyrirmæli sem ÖES og CCEP hafa skuldbundið sig til þess að hlýta í allri starfsemi sinni. Brot á þeim fyrirmælum varða viðurlögum skv. samkeppnislögum.

Til upplýsinga eru sáttirnar birtar sem fylgiskjal með ákvörðun þessari.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

Fylgiskjal 1: Sátt Samkeppniseftirlitsins og ÖES, dags. 14. maí 2020

Fylgiskjal 2: Sátt Samkeppniseftirlitsins og CCEP, dags. 3. júlí 2020



Fylgiskjal 1

SÁTT SAMKEPPNISEFTIRLITSINS OG ÖLGERÐARINNAR EGILL SKALLAGRÍMSSON EHF.

Um aðgerðir til að koma í veg fyrir samkeppnishamlandi háttsemi á drykkjarvörumarkaði

Samkeppniseftirlitið og Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík, hafa gert með sér eftirfarandi sátt í samræmi við 17. gr. f samkeppnislaga nr. 44/2005 og 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

Með sátt þessari er viðurkennt að tiltekin framkvæmd á drykkjarvörumarkaði hafi ekki verið í samræmi við 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 53. gr. EES-samningsins. Fallist er á greiðslu sektar og skuldbindingu um að ráðast í tilteknar aðgerðir sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir samkeppnishamlandi fyrirkomulag/háttsemi á markaðnum.

1.

Háttsemin

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. (ÖES) og CCEP ehf. (CCEP) eru drykkjarvöruframleiðendur og keppinautar á markaði fyrir framleiðslu drykkjarvara. Við framkvæmd á fyrirkomulagi um uppröðun og framstillingu á drykkjarvörum fyrirtækjanna í smásöluverslunum átti ÖES í samskiptum við keppinaut sinn, CCEP. Þessi samskipti keppinautanna og framkvæmd þeirra á umræddu fyrirkomulagi fór gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins.

Framkvæmd þessi átti sér stað á tímabilinu frá 1. janúar 2009 til 5. apríl 2011.

2.

Aðgerðir

Til að stuðla að virkri samkeppni á markaði fyrir framleiðslu drykkjarvara fellst ÖES á að hlíta eftirfarandi í starfsemi sinni:

2.1.

Samskipti við keppinauta

ÖES skal tryggja að komið sé í veg fyrir samskipti við keppinauta sem eru óheimil samkvæmt samkeppnislögum, þ. á m. um uppröðun og framstillingu á drykkjarvörum í smásöluverslunum.

ÖES skal tryggja að viðskiptatengdum upplýsingum sé ekki miðlað til keppinauta og tryggja að gripið sé til viðeigandi ráðstafana í samræmi við ákvæði samkeppnislaga móttaki ÖES viðskiptatengdar upplýsingar frá keppinautum sínum. Með viðeigandi ráðstöfunum er a.m.k. átt við að lögð séu fram mótmæli við sendanda slíkra upplýsinga og skjallægum gögnum eytt þegar í stað.

2.2.

Samskipti við smásöluaðila

ÖES er ekki heimilt að taka við samkeppnislega viðkvæmum upplýsingum um keppinauta fyrirtækisins frá smásöluaðilum. Frá og með 1. október 2020 skal ÖES innleiða skuldbindingar í skriflega samninga sína við smásöluaðila sem koma í veg fyrir slíkt.

ÖES skal frá og með 1. október 2020 innleiða skuldbindingar í skriflega samninga sína við smásöluaðila um að ÖES muni ekki teikna eða setja fram tillögur að uppröðun og framstillingu á vörum keppinauta sinna í viðkomandi smásöluverslun.

2.3.

Fræðsla og samkeppnisréttaráætlun



ÖES skuldbindur sig til að standa áfram fyrir reglulegri fræðslu um samkeppnisreglur til starfsmanna og stjórnenda fyrirtækisins. Standa skal fyrir sérstakri fræðslu til þeirra starfsmanna fyrirtækisins sem gegna störfum í söludeild ÖES og skal ÖES útbúa sérstakar leiðbeiningar til handa þeim starfsmönnum um m.a. samskipti við keppinauta, birgja og smásöluaðila.

3.

Sekt

Við ákvörðun sekta hefur verið litið til þess að ÖES hefur ekki áður gerst brotlegt við ákvæði samkeppnislaga. Þá hefur verið litið til þess að umtalsverðar tafir hafa verið á meðferð málsins af ástæðum sem eru ÖES óviðkomandi.

Af hálfu ÖES er lögð á það áhersla að að baki þess fyrirkomulags sem fjallað er um hafi ekki staðið ásetningur um að takmarka samkeppni.

ÖES hefur aflagt umrætt fyrirkomulag og fallist á að hlíta fyrirmælum sem lúta að því að koma í veg fyrir frekari samkeppnishamlandi háttsemi. Með þessum breytingum er stuðlað að því að markmið um virka samkeppni náist.

Að teknu tilliti til þessa er hæfilegt að ÖES greiði 20 milljónir króna í stjórnvaldssekt.

Sektina skal greiða inn á reikning 0001-26-25874, kt. 540269-6459, í eigu ríkissjóðs eigi síðar en mánuði eftir dagsetningu þessarar sáttar.

4.

Kynning o.fl.

Stjórnarmönnum, forstjóra og starfsmönnum ÖES sem málið varða skal kynnt efni sáttar þessarar. Skulu þeir undirrita yfirlýsingu þar sem þeir skuldbinda sig til að starfa eftir sáttinni.

ÖES skal fyrir 1. nóvember 2020 upplýsa Samkeppniseftirlitið um framkvæmd á framangreindum skilyrðum.

Brot á þessum skilyrðum varða viðurlögum skv. samkeppnislögum.

Með sáttinni lýkur annars vegar rannsókn Samkeppniseftirlitsins gagnvart ÖES sem hófst með húsleit þann 19. apríl 2011, sbr. einnig bréf Samkeppniseftirlitsins til ÖES, dags. 28. febrúar 2019 og hins vegar rannsókn Samkeppniseftirlitsins á viðskiptakjörum ÖES til endurseljenda sem hófst 5. júlí 2012. Ekki kemur til kæru skv. 9. gr. eða 42. gr. samkeppnislaga vegna þeirra tilvika sem tilgreind eru í fylgiskjali 1 með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 28. febrúar 2019 og varða ÖES.

5.

Endurskoðun

Að fengnu rökstuddu erindi frá ÖES skal Samkeppniseftirlitið taka afstöðu til þess hvort nauðsynlegt sé að viðhalda skilyrðum í sátt þessari. Um endurupptöku sáttar þessarar gilda að öðru leyti ákvæði 24. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Reykjavík, 14. maí 2020

f.h. Samkeppniseftirlitsins

f.h. Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf.

Páll Gunnar Pálsson

Andri Þór Guðmundsson



Fylgiskjal 2

SÁTT SAMKEPPNISEFTIRLITSINS OG Coca-Cola European Partners Ísland ehf.

Um aðgerðir til að koma í veg fyrir samkeppnishamlandi háttsemi á drykkjarvörumarkaði

Samkeppniseftirlitið og Coca-Cola European Partners Ísland ehf. (CCEP), kt. 470169-1419, Stuðlahálsi 1, 110 Reykjavík, hafa gert með sér eftirfarandi sátt í samræmi við 17. gr. f samkeppnislaga nr. 44/2005 og 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

Með sátt þessari er viðurkennt að tiltekin framkvæmd á drykkjarvörumarkaði hafi ekki verið í samræmi við 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 53. gr. EES-samningsins. Fallist er á greiðslu sektar og skuldbindingu um að ráðast í tilteknar aðgerðir sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir samkeppnishamlandi fyrirkomulag/háttsemi á markaðnum.

1.

Háttsemin

CCEP og Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. (ÖES) eru drykkjarvöruframleiðendur og keppinautar á markaði fyrir framleiðslu drykkjarvara. Við framkvæmd á fyrirkomulagi um uppröðun og framstillingu á drykkjarvörum fyrirtækjanna í smásöluverslunum átti CCEP í samskiptum við keppinaut sinn, ÖES. Þessi samskipti keppinautanna og framkvæmd þeirra á umræddu fyrirkomulagi fór gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins.

Framkvæmd þessi átti sér stað á tímabilinu frá 1. janúar 2009 til 5. apríl 2011.

2.

Aðgerðir

Til að stuðla að virkri samkeppni á markaði fyrir framleiðslu drykkjarvara fellst CCEP á að hlíta eftirfarandi í starfsemi sinni:

2.1.

Samskipti við keppinauta

CCEP skal tryggja að komið sé í veg fyrir samskipti við keppinauta sem eru óheimil samkvæmt samkeppnislögum, þ. á m. um uppröðun og framstillingu á drykkjarvörum í smásöluverslunum.

CCEP skal tryggja að viðskiptatengdum upplýsingum sé ekki miðlað til keppinauta og tryggja að gripið sé til viðeigandi ráðstafana í samræmi við ákvæði samkeppnislaga móttaki CCEP viðskiptatengdar upplýsingar frá keppinautum sínum. Með viðeigandi ráðstöfunum er a.m.k. átt við að lögð séu fram mótmæli við sendanda slíkra upplýsinga og skjallægum gögnum eytt þegar í stað.

2.2.

Samskipti við smásöluaðila

CCEP er ekki heimilt að taka við samkeppnislaga viðkvæmum upplýsingum um keppinauta fyrirtækisins frá smásöluaðilum. Frá og með 1. október 2020 skal CCEP innleiða skuldbindingar í skriflega samninga sína við smásöluaðila sem koma í veg fyrir slíkt.

CCEP skal frá og með 1. október 2020 innleiða skuldbindingar í skriflega samninga sína við smásöluaðila um að CCEP muni ekki teikna eða setja fram tillögur að uppröðun og framstillingu á vörum keppinauta sinna í viðkomandi smásöluverslun.

2.3.

Fræðsla og samkeppnisréttaráætlun



CCEP skuldbindur sig til að standa áfram fyrir reglulegri fræðslu um samkeppnisreglur til starfsmanna og stjórnenda fyrirtækisins. Standa skal fyrir sérstakri fræðslu til þeirra starfsmanna fyrirtækisins sem gegna störfum í söludeild CCEP og skal CCEP útbúa sérstakar leiðbeiningar til handa þeim starfsmönnum um m.a. samskipti við keppinauta, birgja og smásöluaðila.

3.

Sekt

Við ákvörðun sekta hefur verið litið til þess að CCEP hefur ekki áður gerst brotlegt við ákvæði samkeppnislaga. Þá hefur verið litið til þess að umtalsverðar tafir hafa verið á meðferð málsins af ástæðum sem eru CCEP óviðkomandi.

Af hálfu CCEP er lögð á það áhersla að að baki þess fyrirkomulags sem fjallað er um hafi ekki staðið ásetningur um að takmarka samkeppni.

CCEP hefur aflagt umrætt fyrirkomulag og fallist á að hlíta fyrir mælum sem lúta að því að koma í veg fyrir frekari samkeppnishamlandi háttsemi. Með þessum breytingum er stuðlað að því að markmið um virka samkeppni náist.

Að teknu tilliti til þessa er hæfilegt að CCEP greiði 17 milljónir króna í stjórnvaldssekt.

Sektina skal greiða inn á reikning 0001-26-25874, kt. 540269-6459, í eigu ríkissjóðs eigi síðar en mánuði eftir dagsetningu þessarar sáttar.

4.

Kynning o.fl.

Stjórnarmönnum, forstjóra og starfsmönnum CCEP sem málið varða skal kynnt efni sáttar þessarar. Skulu þeir undirrita yfirlýsingu þar sem þeir skuldbinda sig til að starfa eftir sáttinni.

CCEP skal fyrir 1. nóvember 2020 upplýsa Samkeppniseftirlitið um framkvæmd á framangreindum skilyrðum.

Brot á þessum skilyrðum varða viðurlögum skv. samkeppnislögum.

Með sáttinni lýkur rannsókn Samkeppniseftirlitsins gagnvart CCEP sem hófst með húsleit þann 19. apríl 2011, sbr. einnig bréf Samkeppniseftirlitsins til CCEP, dags. 28. febrúar 2019. Ekki kemur til kæru skv. 9. gr. eða 42. gr. samkeppnislaga vegna þeirra tilvika sem tilgreind eru í fylgiskjali 1 með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 28. febrúar 2019 og varða CCEP.

5.

Endurskoðun

Að fengnu rökstuddu erindi frá CCEP skal Samkeppniseftirlitið taka afstöðu til þess hvort nauðsynlegt sé að viðhalda skilyrðum í sátt þessari. Um endurupptöku sáttar þessarar gilda að öðru leyti ákvæði 24. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Reykjavík, 3. júlí 2020

f.h. Samkeppniseftirlitsins

f.h. Coca-Cola European Partners Ísland ehf.

Páll Gunnar Pálsson

Einar S. Magnússon